

13. gr.

84

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal reikna kaup alþingismanna samkvæmt þeim á reglulegu Alþingi árið 1953. 24. des.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

85

24. des.

um breyting á lögum nr. 66/1944, um breyting á og viðauka við lög nr. 36/1909, um laun háskólakennara, og um breyting á lögum nr. 21/1936, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laga nr. 66/1944 orðist svo:

Í laga- og hagfræðideild eru 4 prófessorar í lögfræði og 2 dósentar í viðskiptafræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

86

24. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1954 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljótleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenskum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. desember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.